

153. löggjafarþing 2022–2023.  
Þingskjal 889 — 272. mál.  
3. umræða.

## Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, nr. 36/1994  
(skráning samninga og breytinga á leigufjárhæð).

Frá Línéik Önnu Sævarsdóttur.

Á eftir 7. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Á eftir 1. mgr. 85. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ágreiningi um fjárhæð húsaleigu skal vísa til kærunefndar húsamála innan þriggja mánaða frá gildistöku leigusamnings eða samkomulags sem gert er síðar á leigutíma um breytingu á leigufjárhæð. Að öðrum kosti teljast aðilar leigusamnings una ákvörðun leigufjárhæðar.

Hafi fjárhæð húsaleigu ekki verið sanngjörn og eðlileg samkvæmt niðurstöðu kærunefndar húsamála eignast viðkomandi aðili leigusamningsins endurkröfurétt á hendur hinum aðila samningsins vegna þess sem ofgreitt hefur verið. Leigjanda er heimilt að draga það sem ofgreitt hefur verið frá síðari leigugreiðslum.